



Velkomin

Úrræði fyrir móttöku og samskipti

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Mars 2014

Austurbæjarskóli, Tungumálatorg og
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Austurbæjarskóli

Nafn verkefnisins: Velkomin - úrræði fyrir móttöku og samskipti

Nafn verkefnisstjóra: Hulda Karen Daníelsdóttir, verkefnastjóri Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Þorbjörg Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Tungumálatorgsins

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: Nr. 138, 2012-2013

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að nýta efni af vefnum *Little Learners* <http://www.littlelearner.eu> til að auðvelda skólum móttöku, aðlögun og samskipti við nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra. Um er að ræða margvíslegt efni s.s. hljóðsett móttökuvíðtal á nokkrum tungumálum og bæklingar fyrir foreldra og nemendur. Jafnframt er um að ræða hljóðsettan texta til að auðvelda samskipti kennara og annars starfsfólks skóla á móðurmáli nemenda sem eru nýkomir í skólann og tala ekki íslensku.

Leiðir að markmiðum

Fyrirmynd að verkefninu var skoðuð og ákvörðun tekin um afmörkun þess. Unnið var með Brian Huxley, höfund Little Learners vefsins sem veitti aðgang að öllum frumskjölum verkefnisins. Efnið var aðlagað að íslensku skólastarfi, það þýtt, yfirfarið og hljóðsett á íslensku, pólsku, litháísku, spænsku og arabísku. Umgjörð og útlit efnis var í fyrstu hannað í forritinu StoryLine, en það þó að lokum sett upp sem opinn, aðgengilegur og snjalltækjavænn Wordpress-vefur á Tungumálatorginu.



Myndir frá rýnihópsfundi kennara þar sem íslensk þýðing efnisins var til skoðunar. Kennsluráðgjafar víða um land fengu jafnframt efnið til umsagnar.

Frávik miðað við upphaflega áætlun

Þar sem að veittur styrkur úr Sprotasjóði var lægri en kostnaður við verkefnið gerði ráð fyrir var verkefnið afmarkað og áhersla lögð á að vinna hljóðsett efni og samskiptatæki fyrir skólana.

Helstu hindrarnir við vinnu verkefnisins

Vinna við uppsetningu á vef verkefnisins tók mun lengri tíma en áætlað var og skýrist að mestu af aðlögun vefsins að snjalltækjum (snjallsímar og spjaldtölvur).

Helsti ávinningur og samlegðaráhrif verkefnis

Verkefnið byggir á margvíslegri opinberri stefnumótun og styður við fjölmennningarlegt skólastarf. Efnið er og verður opið og aðgengilegt og nær því til þess stóra hóps sem því er ætlað.

Upphaflega átti vefefnið að vera samskiptatæki til að styðja við móttöku nemenda með íslensku sem annað tungumál í skóla, en við þróun þess kom í ljós að það hentar einnig vel til íslenskunáms og kennslu og styður markvisst við félagsleg tengsl nýju nemendanna við samnemendur sína. Jafnframt gerir það móðurmál nemenda sem tala litháísku, pólsku, arabísku og spænsku sýnilegra í skólunum.

Í tengslum við verkefnið var ákveðið að útbúa gátlista upp úr könnun sem gerð var árið 2009 á upplifun fagfólks á stöðu nemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum á Íslandi. Gátlistana má nota til að meta hvernig skólar standa sig í skipulagningu á móttöku, námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál og aðlögun þeirra og hinna sem fyrir eru að breyttu skólasamfélagi.

Við vinnu verkefnisins varð jafnframt til töluverð þekking sem nýta má til frekari þróunar á hagnýtu stoðefni á vef og við vinnslu á fleiri tungumálum.

Mat á verkefninu

Vefefnið sem er opið og skólum að kostnaðarlausu mun tvímælalaust nýtast til að:

- auðvelda móttöku nemenda og samskipti við foreldra
- efla félagsleg tengsl nemenda með íslensku sem annað tungumál við samnemendur sína því þeir geta strax hafið merkingarbær samskipti við þá
- kenna íslensku
- gera móðurmál nemenda sýnileg innan skólanna
- gera nemendur sem eiga íslensku að móðurmáli meðvitaðri um önnur tungumál en sitt eigið
- fjölga samskiptatungumálum

Efnið er jafnframt fyrirmynd um miðlun upplýsinga og hönnun og þróun á snjalltækjavænu efni á neti.

Niðurstöður verkefnisins

Afrakstur af verkefninu er nú aðgengilegur á vefnum www.tungumalatorg.is/velkomin. Um er að ræða hljóðsett efni fyrir samskipti sem getur gagnast öllu skólasamfélaginu (stjórnendum, kennurum, öðru starfsfólki, nemendum og foreldrum). Efnið skiptist upp í 12 flokka sem eru: Skrifstofa, Fyrsti dagurinn – velkomin, Fyrstu dagarnir – rýmið, Stundatafla, Skoðunarferð, Samskipti kennara og nemenda, Hrós, Betri vinnubrögð, Hegðun, Nesti – hádegismatur, Líðan og Samskipti nemenda.




Myndir sem sýna samskipti foreldris og stjórnenda (skrifstofa), foreldris og kennara (gangar skóla), kennara og nemenda (skólastofa) og nemenda (skólastofa og skólalóð)



Skjámyndir af hljóðsetta samskiptaorðaforðanum á www.tungumalatorg.is/velkomin

Fyrirnefndir gátlistar sem eru aukaafurð af verkefninu eru vistaðir á vef Tungumálatorgsins <http://tungumalatorg.is/sk/gatlistar>. Um er að ræða 12 gátlista sem tengjast eftirfarandi viðfangsefnum: félagsleg aðlögun, móttaka, almennur hluti, móðurmál, nám og kennsla, námsmat, vefur skóla, ráðgjöf og aðstoð, samstarf, símenntun, þróunarverkefni og túlkþjónusta.



Myndir af gátlistum sem tengjast móttöku og félagslegri aðlögun nemenda

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?


Markmiðin verkefnisins náðust og gott betur. Vefurinn og allur afrakstur verkefnisins er til marks um það www.tungumalatorg.is/velkomin. Fyrstu viðbrögð við efninu eru jafnframt mjög jákvæð og lofa góðu um notkun á efninu.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Þar sem vefurinn er opin og ókeypis og sérhannaður fyrir snjalltæki, og þar sem nemendum með íslensku sem annað tungumál fjölgar stöðugt hér á landi, má gera ráð fyrir að hann nýtist íslenskum skólum næstu árin. Einnig er vert að benda á að það er auðvelt að þróa verkefnið áfram og bæta við það fleiri tungumálum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Efnið verður kynnt á vef Tungumalatorgisins, Facebook síðum sem tengjast menntamálum, vef KÍ, póstlistum kennsluráðgjafa, á ráðstefnum og málþingum og með pósti til allra skóla. Verkefnið hefur nú þegar verið kynnt Fjölmenningarteymi Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, á fundi Jöfnunarsjóðs, skólastjórum í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Sandgerði og Garði. Í byrjun mars verður það kynnt skólastjórum í Garðabæ og Kópavogi.



Myndir úr kynningarefni fyrir Velkomin verkefnið

Reykjavík í mars 2014
 Hulda Karen Daniélsdóttir
 Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir